

Aðalfundur HB Granda hf. 29. apríl 2011.  
Skýrsla formanns stjórnar Árna Vilhjálmssonar

Fundarstjóri, góðir fundarmenn

Eins og venjulega ætla ég að byrja skýrslu mína á því að gera stutta grein fyrir fjárhagslegri útkomu síðasta reikningsárs. (glæra 1) Rekstrartekjur samstæðunnar námu 144,8 m€, sem svarar til 23.440 mkr. á meðalgengi ársins. Tekjurnar í € hækkuðu frá fyrra ári um 17%. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 41,2 m€, sem gerir 28,5% af rekstrartekjum. Þetta telst vera góður árangur hér á bæ. En því miður hefur okkur ekki auðnast að halda almennilega á þessum árangri. Auk mjög ásættanlegra fjármagnsgjalda í formi vaxta kemur svo til frádráttar í rekstrarreikningi hrikalegur gengismunur, þ.e.a.s. gengistap að fjárhæð 8,2 m€. Þetta tap stafar að stærstum hluta af því að á árinu lækkaði gengi evru, uppgjörsgjaldmiðils okkar, gagnvart mikilvægum öðrum gjaldmiðlum, þannig að langtímaskuldir okkar í þeim gjaldmiðlum hækkuðu við umreikning í evrur. Tæpur helmingur (49,5%) þessa taps féll á okkur á fyrstu 3 mánuðum ársins. Meginhluta þessara langtímaskulda var svo breytt á árinu, þannig að hlutdeild skulda í evrum hækkaði frá upphafi til loka ársins úr 28% í rúm 96%, og ætti okkur þar með að verða forðað frá annarri viðlíka upptöku. – Rekstrarreikningur sýnir, að hagnaður fyrir tekjuskatt hefur numið 18,8 m€. Fjárhæðin sem frá er dregin sem tekjuskattur ársins, er firnahá, 11,0 m€, sem gerir 58% af ætluðum skattstofni eins og hann er í augum leikmanns. En á það er nú að líta, að fyrir rúmum 2 árum, þegar við kusum að ganga evrunni á hönd sem uppgjörsgjaldmiðli, þá ákváðum við jafnframt að neyta réttar okkar til að telja fram til skatts á grundvelli uppgjörs í íslenskum kr. Innifalín í skattfjárhæðinni eru vissulega 18% af jafngildi 18,8 m€ í íslenskum kr., en líka sitthvað fleira, sem gerir víst engum viðstaddra gott að heyra frekar um, nema það að áður nefnt gengistap myndar ekki frádráttarbær gjöld í íslenska uppgjörinu; og vegna hækkunar skattprósentu fyrir yfirstandandi ár um 2% er gjaldfærður 20% tekjuskattur af gengistapinu. Niðurstaðan er, að hagnaður ársins hafi verið um 7,8 m€, sem jafngildir 1.266 mkr á meðalverðlagi ársins. Til samanburðar má nefna, að hagnaður þriggja undanfarandi ára nam

að meðaltali um 2.050 mkr, en þar á undan, árið 2006 var eina tapár félagsins á öldinni, með 1.980 mkr. í tap.

Við skulum nú líta á breytingarnar, sem urðu á árinu á fjárhagslegri stöðu félagsins (glæra 2). Þær urðu reyndar smáar. Bókvirði rekstrarfjármuna, þ.e. skipa og vinnslustöðva, stóð nokkurn veginn í stað í rúmum 96 m€. Það þýðir, að fjárfestingar í framleiðslutækjum, sem kostuðu 11,4 m€, námu svipaðri fjárhæð og afskriftir. Engin breyting varð á óefnislegum eignum, sem eru að langstærstum hluta (99%) fólgnar í matsvirði veiðiheimilda. Aðrar eignir hækka um 7,6 m€ nettó. Þar er um að ræða aukningu birgða um 3,6 m€ af klakfiski til framleiðslu á laxahrognum hjá Stofnfiski og rúmlega 4 m€ virðishækkun tengd hlutdeildarfélagi okkar í Chile. Aukin fjárbinding í veltufjármunum er að ég hygg í eðlilegum tengslum við þarfir vegna aukinna umsvifa. Við sjáum, að eigið fé hefur hækkað nokkuð, um 8,5 m€, að stærstum hluta vegna hagnaðar að frádreginni arðgreiðslu. Skuldir hafa aukist um 6,5 m€ og samsetning þeirra eftir tímalengd hefur gjörbreyst. Það gerðist aðallega í einu lagi rétt fyrir aðalfund í fyrra. Það er hentugt að taka saman meginbreytingarnar, sem orðið hafa á fjármagnsskipan fyrirtækisins, með þeim hætti að draga veltufjármuni frá samtölu skulda á þeirri forsendu, að veltufjármunir, aðrir en handbært fé, séu nægilega öruggir til að geta talist ígildi handbærs fjár. Þannig fæst útkoma um hreinar skuldir. Við sjáum þá fyrir okkur fastafjármuni sem fjármagnaða með blöndu af eigin fé og hreinum skuldum eða, sem er jafn gilt: Við getum séð fyrir okkur, að aukningu eigin fjár upp á 8,5 m€ hefur verið ráðstafað til að auka við fastafjármuni um 7,5 m€ og til að lækka hreinar skuldir um 1,0 m€. Í rauninni hefur það að undanfögnu verið ósk okkar og viðleitni, að hreinar skuldir færu lækkandi og þá um leið að unnt yrði að fjármagna æskilega aukningu fastafjármuna með eigin fé. Þetta ár tókst að lækka hreina skuld um 1 m€, og eiginfjárlutfallið hækkaði um hálfa prósentu, úr 46,0% í 46,5%. Í fyrra gátum við lækkað hreinar skuldir um 15,2 m€ og eiginfjárlutfallið hækkaði þá um rúml. 5 prósentur. Ég læt nú lokið frásögn minni af afkomunni á árinu og fjárhagsskipun í árslok og ætla nú að beina athyglinni að tilhögun starfseminnar á árinu.

Starfsemin er í nokkuð föstum skorðum. Við greinum gjarnan á milli tveggja sviða; annars vegar er svið botnfisks, hins vegar uppsjávarfisks. Með tilkomu makrílsins má segja, að skilin séu ekki jafnglögg og áður. Nokkur undanfarin ár hefur skipakosturinn, sem sinnir botnfiskveiðum, verið óbreyttur, 5 sömu frystitogararnir og 3

Ísfisktogarar. Þær tegundir botnfisks, sem eru hlutfallslega mikilvægastar fyrir okkur, eru karfi, ufsi og þorskur. Í karfa erum við með um 32% hlutdeild innan landhelgi og 30,5% úthafinu; í ufsa erum við með 17,6% hlutdeild og í þorski 5,0%. Í vinnslustöðvum okkar í landi, hér í þessu húsi og á Akranesi, eru unnar einungis þessar þrjár tegundir. Annar afli ísfisktogaranna fer á innlandan fiskmarkað. Það hefur bitnað nokkuð harkalega á okkur, að á nokkrum undanförunum árum hafa veiðiheimildir í karfa og ufsa verið skertar verulega. Frá fiskveiðiárinu 2007/08 til yfirstandandi fiskveiðiárs, þ.e. á þrem árum, hefur leyfilegur heildarafli á karfa innan landhelgi verið skertur úr 57.000 tonnum í 40.000 tonn, þ.e.a.s. um 30%, ufsaafl í 75.000 tn. í 50.000, þ.e. um þriðjung, og er að mati okkar manna full ástæða til þess niðurskurðar. Ýsukvótinn var á sama tíma minnkaður um 50%. Það bitnaði á okkur sérstaklega með því að hluti af ýsukvóta okkar hafði verið látinn af hendi í skiptum fyrir ufsakvóta. Þorskkvótinn, sem er helsta lífsviðurværi svo margra annarra útgerða, hækkaði hins vegar um 23%, úr 130.000 tn í 160.000 tonn. Þrátt fyrir kvótakerðinguna tókst okkar mönnum á síðasta ári að fullnýta veiðigetuna. Skipsstjórnarmenn okkar brugðust við kvótakerðingunni með því leggja sig eftir fisktegundum, sem hafa verið utan kvóta. Bar þar hæst gullax, en af þeirri tegund veiddu frystitogararnir um 4.600 tonn á síðasta fiskveiðiári. Þá skapaði það verkefni fyrir togarana okkar, að sjávarútvegsráðherra gaf í fyrra öðrum skipum en uppsjávarveiðiskipum kost á að veiða makríl, með stuttum fyrirvara og eftir þröngum reglum. Ísfisktogararnir náðu að veiða samtals 900 tn. og frystitogararnir um 2100 tn. Mikilsverð reynsla fékkst bæði við veiðarnar og vinnslu um borð í frystiskipunum. Allir togararnir tóku þátt í veiðunum og skiptust á um nota tvö sérhönnuð flöttroll. Aflaverðmætið fob nam 332 mkr og vantaði 82 mkr uppá að það stæði undir útlögðum rekstrarkostnaði, öðrum en sameiginlegum. Meðtalin eru öll útlát vegna veiðarfæra að fjárhæð 97 mkr, en þau er vissulega ætlunin að nýta á komandi vertíð, sem ég vík nánar að hér á eftir.

Það er óhætt að segja, að í fyrra hafi tekist að fullnýta togarana okkar til veiða, þegar þeir voru ekki í höfn í eðlilegu viðhaldi og endurbótum. Sömuleiðis virðist mér, að mjög góður árangur hafi náðst í að halda uppi samfelldri vinnslu í botnfiskvinnslunni í landi. Í upphafi síðasta árs var hér í Norðurgarði tekin í notkun ný aðalvinnslulína fyrir ufsa og hefur hún reynst mjög vel. Og undir lok ársins var tekin ákvörðun um kaup á búnaði til að fjarlægja bein úr

karfaflökum, sem gefur færi á nýjum möguleikum í markaðssetningu á karfaafurðum.

Það hefur löngum blasað við, að við vinnslu á fiski í flök eða bita verður mikið efni afgang, þar á meðal haus og hryggur, sem getur verið farið með sem úrgang, sem best sé að ráðstafa til framleiðslu á mjöli og lýsi. Aðstaðan á vinnslustað ræður því, hvaða kostir séu í boði. Í þrengslunum, sem geta verið um borð í frystitogara, eiga menn e.t.v. ekki annars úrkosti en að fleygja úrganginum fyrir borð. Það er sérstakt fagnaðarefni, að á síðasta ári virðist hafa orðið vakning til vitundar um verðmæti þessara afgangna. Má vel vera, að tvær skýrslur Matíss í fyrravor um “Bætta nýtingu sjávarafla” hafi þar haft einhver áhrif. – Í nýlegri greinargerð markaðsdeildar okkar um verkefni á yfirstandandi ári segir á einum stað svo: “Höfrungur (þ.e. einn af frystitogurum okkar) hefur um nokkurt skeið hirt og fryst þorskhausa. Í upphafi var verðið \$0.35 fob en á skömmum tíma hefur það hækkað í \$1.00.” Þessir hausar voru seldir inná Nígíeríu. Og í frásögn af markaðsfundi sjófrystingar 19. þessa mánaðar segir að það sem af er þessu ári sé samtals búið að selja 577 tonn af karfahausum, fyrir 51 milljón króna. Þar af séu sjófrystir hausar 56 tonn að verðmæti 5,4 milljónir kr. Meðalverð á heildina er 88 kr/kg. Þegar fyrst spurðist hingað um svona verð á karfahausum, skyldu þeir notaðir sem beita í humargildir við veiðar úti fyrir strönd Kanada. Við höfðum áður selt karfahausa sem til féllu í landvinnslu, fyrirtæki, sem hakkaði þá í fóður til loðdýraræktar. - Hvað varðar karfa, sem tekinn er til vinnslu hér í Norðurgarði er af mikilu að taka. Það voru rúm 9.000 tonn hvort áranna 2009 og '10, og í ár rúm 7.230 tn. samkvæmt fyrirliggjandi rekstraráætlun. Mér sýnist, að af innvegnum karfa fari aðeins tæplega 33% í seld flök og svo mikið sem 40% sé afskorinn haus með viðhengi. Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að segja, að mér hefur verið þyrnir í augum, hversu litla framlegð karfavinnslan hér hefur gefið undanfarið ár (EBITDA = 0,88%, en fyrir ufsa 15,74%), jafnframt því sem hráefnisverð, þ.e. verð til eigin fiskiskipa, hefur rokið upp. Það verð sýnist mér aftur hafa verið byggt á ósanngjarnri túlkun á samningi milli LÍÚ og SSÍ (Sjómannasambands Íslands), þar sem við gjöldum þess, að meðalstærð þess karfa (aðallega eigin afla), sem tekinn er til vinnslu, er mun smærri en meðalstærð þess karfa, sem viðskipti hafa orðið með á fiskmarkaði, en þetta mál ætla ég ekki að gera hér frekar að umtalsefni. Með þeirri breytingu, sem er að verða á ráðstöfun karfahausa, á sér stað kærkomin hækkun á virði afurða úr hverju kg.

hráefnis, enda megi þá líka vænta þess, að kílóverð smárra hausa sé ekki mikið lægra en stórra hausa.

Þá vikur sögunni að uppsjávarfiskinum. Á því sviði hefur undanfarin ár verið aðallega um að ræða 5 tegundir: Síld, sem heldur sig við Ísland allt árið um kring, loðnu, kolmunna, norsk-íslenska síld og makríl. Veiðin á árinu (2010) hófst á smárrí, en snarpri loðnuvertíð. Kvótaúthlutunin var svo lítil, aðeins um 20.500 tn. til okkar, að allt kapp hlaut að vera lagt á nýta loðnuna til framleiðslu á hrognum. Það tókst ágætlega, en vonbrigðum olli, að ný tækni við þurrkun hrogna, sem HB Grandi hafði frumkvæði að því að þróa, dugði ekki til að mæta óskum kröfuhörðustu kaupendanna í Japan. Vinnslan fór að mestu fram á Akranesi, en að hluta á Vopnafirði, þótt nýja fiskimjölsverksmiðjan væri ekki alveg fullgerð. Svo tók við stutt kolmunnavertíð með veiði rúmlega 18.000 tonna kvóta og eins og endranær fór allur sá fiskur til bræðslu. - Fiskimjölsverksmiðan á Vopnafirði hefur vakið talsverða athygli. Hún er um margt einstæð. Þar er rafmagn notað til að knýja loftþurrkara og rafskautaketill notaður til að framleiða gufu í stað olíuketils, hvort tveggja til að auka gæði afurðanna og draga úr mengun. Sömuleiðis er dregið úr mengun með nýjung í gerð loftræstikerfis. Verksmiðjan annar 800 tn. af hráefni á sólarhring, en rými er í húsinu fyrir viðbótarþurrkara, samskonar öðrum þeirra, sem fyrir eru. Verksmiðjan er talin hafa kostað um 1520 mkr, sem má ætla að svari til um helming þess, sem varið var samanlagt til fjárfestingar í rekstrarfjármunum á árunum 2009 og '10.

Á fyrri hluta ársins (2010), í aðdraganda væntanlegrar göngu makrils og norsk-íslenskrar sílda inn á íslenskt hafsvæði var unnið af krafti að framkvæmd sérstakrar áætlunar um aukningu á flokkunar- og frystigetun á Vopnafirði. Fram til þessa hafði viðbúnaðurinn í uppsjávarfrystihúsinu á Vopnafirði verið miðaður við frystingu á loðnu og íslenskri sumargotssíld. Litið var á vinnslu norsk-íslenskrar síldar sem viðbótarmöguleika vor og haust. Þá gerði vinnslulínan, og flokkun og flutningsleiðir, ráð fyrir, að einungis yrði unnið með eina tegund í einu. Þar til fyrir örfáum árum fóru veiðar norsk-íslenskrar síldar að mestu fram utan landhelginnar og að hluta á Svalbarðasvæðinu. Það tíðkaðist, að þessari síld væri landað í Noregi til frystingar. Síðan hefur veiðisvæði síldarinnar verið að færast nær Íslandi og sumarið 2009 veiddist hún að mestu innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. – Þá er makrill farinn að venja komur sínar á Íslandsmið í miklum mæli. Fram að síðasta ári var látið ógert

að úthluta á einstök skip eða útgerðir þeim veiðiheimildunum, sem íslensk stjórnvöld tóku sér, og útgerðirnar kepptust um að komast yfir að veiða sem mest magn, til þess svo að vinna aflan í lýsi og mjöl. Á þessu fyrirkomulagi varð í tæka tíð í fyrra sú breyting, að 112.000 tn, meginhluta leyfilegs heildarafla, var skipt á milli uppsjávarveiðiskipa á grundvelli veiðireynslu undanfarinna ára. Þá blöstu við tækifæri til að nýta betur afla makrís og norsk-íslenskrar síldar. Í fyrravor var bætt við 2 alsjálfvirkum flökunarvélum og á vélunum, sem fyrir voru, komið fyrir búnaði til slógdráttar. Þá voru gerðar umfangsmiklar breytingar á flokkunar- og færibandakerfi til þess að aðgreina fisk eftir tegund og stærð þannig að unnt yrði að vinna samtímis afla, sem er blanda af síld og makríl eins og aflinn getur oft verið. – Til þessara framkvæmda mun hafa verið varið um 1,02 m€. - Ég held að fullyrða megji, að á árinu hafi okkar fólki tekist afbragðsvel við bæði vinnslu og markaðssetningu makrís og norsk-íslenskrar síldar, en markaðsetning makrís kom inn sem alveg nýtt og ögrandi verkefni. Af makríl voru á síðasta ári fryst um 4.900 tn af rúml. 15 þús. tn afla, en ekkert fryst árið áður. Framleidd voru tæp 12.700 tonn af frystri síld og síldarafurðum, en árið á undan aðeins 5.800 tn, þegar þó var úr að spila miklu meiri afla. Eitthvert lítilræði gæti verið í þessum tölum af íslenskri síld, en sú tegund var í veikindafríi þriðja árið í röð og illa fallin til vinnslu til manneldis. Á síðasta ári gaf sú síld okkur aðeins 4.600 tn í veiði á meðan skip okkar veiddu rúm 28 þús. tn af norsk-íslensku síldinni. Þessi orð kunna að hljóma sem lofsöngur um vinnslu til hráefnis beint til manneldis. Það eru að sjálfsögðu einungis arðsemisjónarmið, sem ættu að ráða því, að vinnsla til manneldis sé einhverju sinni tekin framyfir vinnslu hráefnis í mjöl og lýsi.

Um haustið þegar búíð var að veiða makrílkvótann og makrillinn horfinn af Íslandsmiðum þótti ljóst, að stærsti makrillinn, þ.e. stærri 600 gr., hafði ekki nýst sem skyldi; þetta var stærðin, sem gæti gefið langhæst kílóverð, ef réttilega væri staðið að verki. Það væri aftur með því að fiskurinn væri frystur heill, þ.e. með haus og átulitlum innyflum, með sérstakri aðferð, þ.e. með svokölluðum blástursfrysti, sem við höfðum ekki yfir að ráða. Á Vopnafirði hefur eingöngu verið notast við plötufrysta. Lagt var mat á, hversu stór hluti makrísins uppfyllti stærðarskilyrði samkvæmt reynslu. Fyrir lá að til ráðstöfunar yrði húsnæði, sem ætlað var til þurrkunar á loðnuhrognum, en hún fer fram á aðeins örfáum vikum í febrúar/mars. Að undanskildum sjálfum klefanum, þar sem frystingin fer fram, er tækjabúnaðurinn, sem notaður er til meðhöndlunar á makrílnum, frítt standandi og

auðfæranlegur. Húsnæðið gat ekki verið betur staðsett. Það er ekki að orðlengja, að ákveðið var í byrjun árs að fara í þessa fjárfestingu, sem áætlað var að kostaði rúmlega 90 mkr. Loks er að geta einnar fjárfestingar, sem ákveðin var nú í ársbyrjun, sem er að breyta um kælikerfi í Faxa. Í stað kælingar með krapís á að koma svokölluð RSW, sjókæling, sem þykir mun öflugri, en var á sínum tíma miklu dýrari í uppsetningu heldur en kæling með krapís. Bæði Ingunn og Lundey eru með RSW-kerfi. Ísetning nýja búnaðarins í Faxa fer fram hér í Reykjavíkurbíó og á að vera lokið í tæka tíð fyrir upphaf næstu vertíðar makrils og ní-síldar. Þessi aðgerð mun kosta um 1,3 m€, nú jafngildi rúmlega 213 mkr og er stærsta einstaka fjárfestingin, sem ráðgerð er á þessu ári. – Ég vil skjóta því hér inn, að við mat á hagkvæmni þeirra fjárfestingarkosta, sem starfsmenn koma auga á, höfum við leyft okkur að líta alveg framhjá þeirri óvissu, sem er um framhald þess fiskveiðistjórnkerfis, sem við höfum búið við.

Ég ætla svo að fara nokkrum orðum um viðhorf til rekstrarins á yfirstandandi ári og held þá áfram þar sem frá var horfið með uppsjávarfiskhlutann. Árið hófst með loðnuvertíð, sem lauk svo um miðjan mars. Við fengum í nokkrum áföngum úthlutað samtals 61.000 tn til veiða af samtals 390.000 tonna heildarúthlutun. Okkar fólk tókst forkunnarvel að nýta þessa vertíð, enda aðstæður á Akranesi og Vopnafirði eins og best verður á kosið. Áhersla var lögð á að ná sem mestu af hrognum og voru framleidd 3.100 tn af hrognum á ýmsu þroskaskiði og úr loðnuhratinu mikið af dýrmætu mjöli og lýsi. Frá lokum loðnuvertíðar hafa uppsjávarfiskiskipin legið bundin við bryggju. Í ár verður ekkert skip sent út til veiða á kolmunna. Kvótinn eða aflamarkið í ár, að frádregnum umframafli í fyrra, er hverfandi lítið, aðeins 590 tonn, sem vonast er til að dugi sem meðafli við veiðar á öðrum tegundum í sumar. Í fyrra fengum við úthlutað 18.300 tn, sem skipin höfðu ekki mikið fyrir að veiða. Það er eins og makrill hafi komið í stað kolmunnans. Eftir um einn mánuð má svo búast við, að hefjist veiðar á makríl og ní-síld. Aflamark okkar í síld er um 20.700 tn, talsvert minna en í fyrra (1/3 minna), en fastlega er þess vænst, að makrílkvóti uppsjávarfiskiskipanna verði hinn sami og í fyrra, þ.e. um 15.500 tn. Við ættum að vera vel undir það búin að gera mikið verðmæti úr væntanlegum afla. – Um framhaldið er svo það að segja, að allt er enn í óvissu um, hvernig ástand íslensku síldarinnar verður, en af loðnunni er það loks að fréttu, að mörg ár eru síðan spáð hefur verið jafnstærri loðnugöngu að landinu eins og í vetur, og hugsanlegt þá, að veiðar byrji fyrir áramót.

Ég vík nú sem snöggvást að úthaldi togarafloða okkar. Á þeim skipum öllum eru afar fisknir og kappsfullir stjórnendur. Vandí stjórnenda í landi er svo að skaffa skipunum nægar veiðiheimildir. Samkvæmt rekstraráætlun skortir nokkuð á, að það muni takast til fulls og það sem af er árinu hefur orðið að skammta veiðidaga. Þess vegna var því fagnað, þegar ráðherra sjávarútvegsmála ákvað fyrir nokkrum vikum, að togurum og þó sérstaklega vinnsluskipum skyldi ætlað að veiða miklu meira magn af makríl en í fyrra. Ekki er enn ljóst, hversu mikið magn kemur í hlut HB Granda, en það verður mun meira en var í fyrra og það sem gert var ráð fyrir í áætlun. Ákveðið var af þessu tilefni að gera skipunum sitthvað til góða m.a. til að bæta meðferð aflans og auka frystigetun sumra þeirra með lóðréttum frystitækjum. Fjárfesting í verkefninu getur orðið á bilinu 442 -990 þ€. Makrílúthaldið gefur fyrirheit um góða arðsemi. Þó var gengið út frá þeirri forsendu, að þessar veiðiheimildir myndu verða endurnýjaðar aðeins tvö ár í viðbót, jafnframt því sem þær yrðu skornar niður um helming, í ljósi þess að senn hlýtur að koma að því, að samkomulag takist um skiptingu heildarveiðinnar meðal allra þjóðanna, sem hlut eiga að máli. - Mjög áhugavert er, að uppsetningu lóðréttu frystitækjanna í frystitogarana fylgir sá ávinningur, að þar er kominn rétti búnaðurinn til að frysta fiskhousa, jafnt karfahousa sem þorskhoua, og eru uppi áform um að nýta búnaðinn til þeirra verkefna við fyrstu hentugleika.

Góðir fundarmenn. Það fer að nálgast lok þess tíma, sem ég hef til ráðstöfunar. Þau verkefni, sem við er að fást og sem þarf að gefa skýrslu um hér í HB Granda, eru ekki alveg hin sömu og í flestum öðrum stærri sjávarútvegsfyrirtækjum á landinu. Við erum með veiðiheimildum okkar ekki fjarri 12% kvótabakinu, ekki fjær en svo, að með stórrí loðnuvertíð gæti félagið rekist upp undir þakið. Hér getur ekki verið á dagskrá, að aukið sé við kvótabundnar veiðiheimildir, þegar á heildina er litið, og ekki er vitað annað en að eigendur séu sáttir við gildandi reglur. Skipting veiðiheimilda á megintegundir fer vel saman við óskir um, að félagið sé áhugaverður kostur á hlutabréfamarkaði. Fyrirtæki okkar er í þeirri stöðu, að við hljótum að leggja áherslu á að nýta sem best allt það hráefni, sem til fellur. Og sömuleiðis, með sérstaka markaðsdeild unga að árum, er vonandi, að með aðgerðum á sviði markaðssetningar verði áfram unnið kappsamlega að því að auka verðmætasköpun.



Ég er loks kominn að því að kynna tillögur stjórnar á fundinum. Lagt er til, að greiddur verði arður, sem svarar til 20% af nafnverði hlutafjár. Sú arðgreiðsla þýðir, að við mundum standa í sömu sporum og fyrir ári að því er varðar hlutfallið á milli uppsafnaðs núvirts arðs og uppsafnaðs núvirts hagnaðar frá árinu 1989 (29,7%). - Af mótteknum arði þurfa allir einstaklingar að greiða fjármagnstekjuskatt og sumir þar að auki hinn svonefnda auðlegðarskatt. Fyrir þá síðarnefndu hlýtur að vera gagnlegt að vita, hvort arðurinn dugi fyrir skattgreiðslunum. Ég ætla að draga upp dæmi, sem leiðir okkur í sannleikann um það (sjá glæru):

M á hlutabréf í HB Granda, 1.000 kr að nafnverði,  
 keypt eftir aðalfund félagsins vor 2010  
 Gengi hlutabréfs í lok árs 2010: 9,5  
 Arður ákveðinn á aðalfundi 2011: 20% af nafnverði  
 Fjármagnstekjuskattur: 20%  
 Auðlegðarskattur: 1,5% af markaðsverði hlutabréfs

Arður	200,00 kr	vor 2011
Fjármagnstekjuskattur	- 40,00 "	vor 2011
Auðlegðarskattur 1,5% 9.500 kr	<u>-142,50 "</u>	
Afgangur	17,50 kr	= 8,75%
	=====	

Af 200 kr arði fara 91,25% til ríkisins, 8,75% verða eftir hjá eiganda bréfsins. Af auðlegðarskattinum skal greiða 1,5% af nafnverði hlutabréfsins, þ.e. 15 kr, árið 2011 og afganginn 127,50 kr. árið 2012.

Ætla má, að sumum hluthöfum þyki ekki veita af þeim arði, sem meiningin er að bjóða. Taka verður fram, að við álagningu á yfirstandandi ári á þann hluta stofns auðlindaskatts, sem er umfram nafnverð, er miðað við gengið 5,2 á hlutabréfum í HB Granda, en fyrir sorglega slysi hefur það verið gengið í síðustu viðskiptum ársins 2009. Vonandi er þess ekki alltof langt að bíða, að markaður með bréf HB Granda komist í eðlilegt horf, þannig að enginn þurfi að sæta slíkum afarkostum.

Á fundinum verður svo lögð fram tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum, svipuð tillaga og samþykkt hefur verið árlega undanfarin ár. – Þá er gerð tillaga um breytingu á samþykktum félagsins um skilyrði þess, að hluthafar geti krafist þess, að boðað sé

til hluthafafundar. Þetta er gert til samræmis við breytingu á lögum um hlutafélög. - Engin ástæða hefur þótt vera til að gera breytingu á starfskjarastefnu félagsins, sem gerð er grein fyrir í ársskýrslu, og þess vegna er ekki um að ræða neina tillögu um það efni.

Góðir fundarmenn. Skýrslu minn er þá lokið. Fyrir hönd stjórnar félagsins færi ég öllum starfsmönnum félagsins kærar þakkir fyrir vel unnin störf.